Drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu
Mál nr. 31/2023 Birt: 10.02.2023

Umsögn dagsett 24.2.2023

Í drögum að matvælastefnu er eftirfarandi haldið fram sem ég get ekki látið gagnrýnislaust.

> "Þá er efling lífrænnar framleiðslu lykilþáttur í að auka sjálfbærni í matvælaframleiðslu, þar sem lífræn framleiðsla er til þess fallin að minnka kolefnisspor og varðveita líffræðilegan fjölbreytileika, auk þess sem hún stuðlar að bættri dýravelferð."

Lífræn vottun er ekki lykilþáttur í að auka sjálfbærni í matvælaframleiðslu. Framleiðsluaðferðin gerir það að verkum að uppskera minnkar og afurðir á hvern grip eru minni en í hefðbundnum landbúnaði. Þetta þýðir að það þarf meira land og fleiri gripi til þess að framleiða sama magna af matvælum. Kolefnislosun af landi og metanlosun gripa eykst því á hverja einingu matvæla. Þannig er hún til þess fallin að auka kolefnisspor í matvælaframleiðslu. Líffræðilegum fjölbreytileika stendur ógn af lífrænni vottun vegna þess að meira land þarf undir matvælaframleiðslu frekar en undir villt vistkerfi. Umhverfisáhrif eru ekki minni í lífrænum kerfum heldur en hefðbundnum þegar tillit er tekið til uppskeru. Lífræn framleiðsla byggir að miklu á að færa næringarefni úr hefðbundum landbúnaði yfir í lífræna framleiðslu.

Auk þess bannar vottunarkerfið notkun nýjustu varnarefna en leyfir notkun eldri varnarefna sem hafa verri áhrif á umhverfið. Lífræn vottun leggur stein í götu þess að veikum skeppnum séu gefin lyf sem stangast á við fullyrðingu um að hún stuðli að bættri dýravelferð.

Til þess að ná árangri í aukinni sjálfbærni við matvælaframleiðslu þarf að styðjast við nýjustu vísindi og tækni en ekki aldagamlar spár sjáandans Rudolfs Steiners sem lífræna vottunarkerfið byggir á. Það er einfaldlega of mikið í húfi og ekki er hægt að treysta á hindurvitni í þessum mikilvæga málaflokki

Hrannar Smári Hilmarsson
Undirritaður er tilraunastjóri við Landbúnaðarháskóla Íslands